

**1997 nr. 32 14. maí****[Lög um frið vegna helgihalds]<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 73/2019, 5. gr.

**Tóku gildi 16. maí 1997.** *Breytt með:* L. 18/2005 (tóku gildi 13. maí 2005). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 73/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Tilgangur laganna.****■ 1. gr.**

[Í lögum þessum er mælt fyrir um verndun helgihalds í því skyni að tryggja frið og næði innan þeirra marka er greinir í 3. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 73/2019, 1. gr.**II. kafli. [Helgidagar þjóðkirkjunnar.]<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 73/2019, 2. gr.**■ 2. gr.**

[Helgidagar þjóðkirkjunnar eru sunnudagar, nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar dagur páska, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar dagur hvítasunnu, aðfangadagur jóla frá kl. 18, jóladagur og annar dagur jóla.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 73/2019, 2. gr.**III. kafli. [Um frið vegna helgihalds.]<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 73/2019, 4. gr.**■ 3. gr.**

Óheimilt er að trufla guðsþjónustu, kirkjuathöfn eða annað helgihald með hávaða eða öðru því sem andstætt er helgi viðkomandi athafnar.

**■ 4. gr. . . .<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 73/2019, 3. gr.**■ 5. gr. . . .<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 73/2019, 3. gr.**IV. kafli. Ýmis ákvæði.****■ 6. gr. . . .<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 73/2019, 3. gr.**■ 7. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

Brjótí handhafi opinbers starfsleyfis gegn lögum þessum er heimilt að svipta hann leyfinu tímabundið eða fyrir fullt og allt ef brot er ítrekað.

**■ 8. gr. . . .<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 73/2019, 3. gr.**■ 9. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

. . .